

þau atriði, sem hér skipta máli, og þykir því rétt að fella málskostnað niður.

Dómari máls þessa var Hrafn Bragason.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs Íslands og Verzlun Ó. Jóhannessonar h/f, skulu sýkn af kröfu stefnanda, Kaupfélags Rauðasandshrepps, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 26. október 1973.

Nr. 137/1972: **Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar**  
(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

**Einari S. Kristjánssyni og gagnsök.**  
(Sigurður Gizurarson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,  
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Samningar. Útboð. Skaðabótamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1972. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. desember 1972. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi greiði sér skaðabætur að fjárhæð kr. 924.235.50 með 8% ársvöxtum frá 1. júlí 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á það ber að fallast, sem í héraðsdómi greinir, að samningur hafi ekki komið á með aðiljum um verk það, sem um er

fjallað í máli þessu. Ekki verður heldur talið, að samninga-  
viðræður þær, er fram fóru milli aðilja, eða önnur samskipti  
þeirra hafi verið á þann veg, að þau veittu gagnáfrýjanda  
rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda, þótt hann sliti samninga-  
viðræðum, eins og hann gerði í júlí 1970, og byði verkið út  
af nýju með almennu útboði.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina kröfu aðaláfrýj-  
anda um sýknu í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti  
falli niður.

### D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar,  
á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Einars S. Krist-  
jánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. september 1972.

#### I.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 11. september s.l., hefur  
Einar S. Kristjánsson, Framnesvegi 63, Reykjavík, höfðað fyrir  
dóminum með stefnu, birtri 1. nóvember 1971, á hendur Fram-  
kvæmdanefnd byggingaráætlunar, Lág múla 9, Reykjavík.

Kröfur stefnanda, eins og þær urðu með framhaldsstefnu, fram-  
lagðri í dóm 10. febrúar 1972, eru þær, að stefndi, Framkvæmda-  
nefnd byggingaráætlunar, verði dæmdur til að greiða honum skaða-  
bætur að fjárhæð kr. 924.235.59 með 8% ársvöxtum frá 1. júlí  
1969 til greiðsludags. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr  
hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krafðist upphaflega frávísunar í málinu, en eftir að  
stefnandi hafði breytt kröfugerð sinni með framhaldsstefnunni,  
var af hans hálfu fallið frá frávísunarkröfunni.

Dómkröfur stefnda eru þannig orðnar þær, að hann mótmælir  
öllum kröfum stefnanda, Einars S. Kristjánssonar, og krefst að-  
allega sýknu af þeim. Jafnframt gerir hann kröfu til málskostn-  
aðar úr hendi stefnanda sér til handa að mati dómsins. Til vara  
krefst hann þess, að skaðabótafjárhæðin, kr. 924.235.59, verði  
stórlega lækkuð að mati dómsins og málskostnaður felldur niður.

Jafnhliða andmælir hann sérstaklega vaxtaþróentu og upphafs-tíma vaxta í kröfum stefnanda.

Sátt var reynd, en án árangurs.

## II.

### Málsatvik.

Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar er stofnsett hinn 30. ágúst 1965 á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um hús-næðismál, er út var gefin 9. júlí 1965. Hlutverk nefndarinnar er samkvæmt yfirlýsingu þessari að hafa yfirumsjón með byggingu 1250 íbúða í Reykjavík, er úthluta skal að meginhluta til láglauna-fólks í verkalýðshreyfingunni. Í yfirlýsingunni er Framkvæmda-nefnd byggingaráætlunarinnar boðið að fela framkvæmd bygging-anna „byggingaverktaka eða -verktökum á samkeppnisgrundvelli og með sem víðtækustu útboði.“ Síðar var svo sett reglugerð nr. 78 frá 28. apríl 1967, þar sem nánar er kveðið á um valdsvið F. B. og hlutverk.

Það er upphaf þessa máls, að í júlímánuði 1969 bauð F. B. út með auglýsingu í dagblöðum ýmsa verkþætti og efni vegna fyrir-hugaðra framkvæmda við byggingu 180 íbúða í Breiðholtshverfi í Reykjavík. Í auglýsingunni er sagt, að útboðsgögn verði afhent á skrifstofu F. B., Lágmúla 9, Reykjavík, gegn skilatryggingu. Tilboðum skuli skila á skrifstofu F. B. fyrir kl. 1700 fimmtudag-inn 25. ágúst 1969.

Meðal þeirra verkþátta, sem út voru boðnir, voru útveggjaein-ingar, skápar, eldhúsinnréttingar, raflögn, hitalögn og málun. Jafn-hliða þessu var aðalverkið boðið út, en í því fólst grunngröftur, uppsteypa húsanna, þaksmíði, múrverk o. fl. Átti aðalverktakinn einnig að inna af hendi yfirstjórn og samræmingu allra þeirra þátta, sem undirverktakar framkvæmdu á byggingarstað. Útboð aðalverksins var lokað útboð. Fjögur stór byggingarfyrirtæki fengu að bjóða í verkið samkvæmt forvali. Öllum tilboðum, bæði í aðalverk og undirverk, átti að skila til F. B. á sama tíma, og þau voru öll opnuð samtímis laugardaginn 23. ágúst 1969.

Í máli þessu er deilt um útboð og tilboð í málun vegna þessa byggingaráfanga Breiðholtsframkvæmdanna, merkt verk 3—1000. Tilboðin í málunina, efni og vinnu, voru gerð eftir útboðsgögnum, sem F. B. afhenti væntanlegum bjóðendum, og liggja þessi gögn fyrir í málinu.

Útboðsgögn þessi skiptast í tvennt, í fyrsta lagi almenna samn-ingsskilmála F. B. fyrir Breiðholt III, en í öðru lagi útboðsgögn

varðandi málun. Í fyrstu grein almennu samningsskilmálanna, sem fjallar um gildissvið, segir, að skilmálar þessir séu samdir af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar og gildi um samninga, sem nefndin geri um framkvæmdir á hennar vegum, vegna byggingar íbúða samkvæmt regluþæði um íbúðarbyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 28. apríl 1967.

Í þriðju grein segir, að verkið ákvarðist af samningi og fylgigögnum hans, svo sem verklýsingu og teikningum.

Fjórtða grein skilmálanna fjallar um breytingar. Segir þar, að verkkaupi geti hvenær sem er með bréflægri tilkynningu gert breytingar á verklýsingu og teikningum innan marka þess meginverkefnis, sem verksamningur tekur til. Ef þessar breytingar hafa í för með sér hækkun eða lækkun kostnaðar eða breytingu á tíma til lúkningar verksins, skuli sanngjörn leiðrétting eiga sér stað og verksamningi breytt skriflega í samræmi við það.

Sjöunda grein skilmálanna fjallar um framlag verktaka. Segir þar, að verktaki leggi fram til verksins alla vinnu, verkfæri, tæki, þjónustu, flutninga, aðstöðu, efni, orku, vörur, tækniþjónustu og verklega yfirstjórn, nema það, sem sérstaklega sé undanskilið í verksamningi eða fylgiskjölum hans. Enn fremur greiði verktaki allar lög- og samningsbundnar greiðslur, er af verkinu leiði, svo sem söluskatt, launaskatt, slysatryggingargjöld, iðgjöld til atvinnuleysistryggingasjóðs, sjúkrasjóðsgjöld, orlofsfé, vinnulaun, veikinda- og slysadagagreiðslur, fæðiskostnað og annað þess háttar. Verktaki annist og kosti allt viðhald að verkinu, unz hann hafi skilað því í hendur verkkaupa.

Í tólfðu grein er fjallað um samvinnu á vinnustað. Segir þar, að verktaki skuli taka fullt tillit til annarra verktaka á byggingarstað og að ástunda góða samvinnu við þá. Hann skuli fara eftir fyrirmælum verkkaupa til að koma í veg fyrir, að verk annarra tefjist að nauðsynjalausu.

Í sextánda grein er fjallað um það, að verktaki skuli setja bankatryggingu því til tryggingar, að hann standi við skuldbindingar sínar samkvæmt verksamningi, að upphæð 10% af samningsfjárhæð.

Sautjándi grein skilmálanna fjallar um skuldskeytingu. Segir þar, að verktaka sé óheimilt án samþykkis verkkaupa að láta annan aðilja ganga inn í tilboð sitt eða taka við skyldum samkvæmt verksamningi í sinn stað að nokkru eða öllu leyti.

Í 32. gr., 4. lið, segir, að aðalverktakinn hafi á hendi yfirstjórn og samræmingu allra þeirra verkþátta, sem undirverktakar fram-

kvæmi á byggingarstað. Sjái hann um, að störf undirverktaka gangi greiðlega og verði í sem beztu samræmi við eðlilega og skipulega heildarframkvæmd verksins. Í 32. gr., 5. lið, segir, að aðalverktaki fylgist með samningsgerð milli verkkaupa og undirverktaka og óhjákvæmilegum og heimilum breytingum á honum og gerð viðaukasamninga. Skuli aðalverktaki framfylgja slíkum samningum á sama hátt og aðalsamningi.

Í 32. gr., 16. lið, segir, að aðalverktaki skuli mánaðarlega, eftir að framkvæmdir hefjist, gera deilitímaáætlun yfir alla verkþætti og senda hverjum undirverktaka áætlun um verk hans. Slík áætlun skuli hverju sinni ná til loka heildarverksins og beri undirverktökum að haga verki sínu eftir áætluninni.

Í útboðsgögnum þeim, er sérstaklega áttu við útboð í málun, var fyrst tilboðsblaðið sjálft. Því fylgdi síðan útboðslýsing. Segir þar fyrst, hvert verkefnið sé, en í 2. gr. er síðan fjallað um tilhögun. Segir þar, að verkið skuli unnið samkvæmt meðfylgjandi verklýsingu og uppdráttum og almennum samningsskilmálum F. B. — Breiðholt III, suður — með sérákvæðum. Þjóðend- um sé skylt að miða tilboð við þau gögn.

Í 4. gr. er fjallað um verktímann, og segir þar, að verkinu skuli skila með nokkuð jöfnum hraða á tímabilinu apríl 1970 til marz 1971.

Um tilboðið er fjallað í 8. gr., og segir þar, að þjóðandi sé bundinn af tilboði sínu í 4 vikur frá opnunardegi. Verkkaupa sé heimilt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

Á eftir útboðslýsingunni er fjallað um samningsskilmálana og þau sérákvæði, sem um málun gilda. Því næst fylgja drög að verk- samningi og verklýsing, teikningaskrá og kort.

Þegar tilboðin í málun voru opnuð, kom í ljós, að þrír aðilar gerðu tilboð í verkið. Tilboð þessi eru sem hér segir:

1. Málaraverktakar s/f:

Málun utanhúss	kr. 805.832.00
Málun inni	— 9.933.000.76

eða samtals kr. 10.738.908.00

Efni 26%, vinna 71%, yfirkostnaður 3%.

2. Einar S. Kristjánsson og Eyþór Guðmundsson:

Þökin þrímáluð	kr. 346.000.00
Málun utanhúss	— 1.350.000.00

Málun inni	kr. 3.870.000.00
Sandspartl, vinna og efni	— 9.540.000.00

Samtals kr. 15.156.000.00

Efni 22%, vinna 73%, yfirkostnaður 5%.

### 3. Verktakafélag Málarameistara s/f:

Málun utanhúss	kr. 1.201.113.00
Málun inni	— 7.173.486.00

Samtals kr. 8.374.599.00

Efni 22.85%, vinna 63.60%, yfirkostnaður 13.55%.

Tilboð þessi voru opnuð 23. ágúst 1969. Þann 26. ágúst 1969 barst F. B. bréf frá Málara-verktökum s/f, þar sem skýrt var frá því, að tilboð þeirra innifæli einnig tilboð í sandspartl að upphæð kr. 5.599.431.00, þannig að raunverulegt tilboð þeirra í málun inni og úti væri kr. 5.139.477.00. Gögn þau, er þeir lögðu fram máli sínu til stuðnings, voru athuguð, og kom þar að áliti F. B. ekkert fram, sem ástæða væri til að vefengja, en sökum þess hve seint þau bárust, taldi nefndin sig ekki geta tekið til lit til skýringa þeirra.

Að frádregnum liðnum „sandspartl, vinna og efni“ og liðnum „þökin þrímáluð“ í tilboði Einars og Eypórs stóð það tilboð í kr. 5.220.000.00 og var þannig lægst, en þar sem liðir þessir voru sér í tilboðinu, var auðvelt að draga þá frá.

Við opnun tilboðanna, þann 23. ágúst 1969, kom fram, að Breiðholt h/f, sem var lægst bjóðandi í aðalverkið, gerði tillögu um breytingu á smíði útveggja á þá lund, að þeir yrðu steyptir upp á staðnum í stað þess að setja þá saman úr steyptum verksmiðjuframléiddum einingum. F. B. leizt vel á þessa tillögu, og var hún samþykkt, en af því leiddi, að mála varð þessa útveggi að utan og gera þar með breytingar á verkmagni því og verklýsingu þeirri, sem tilboðin í málun voru miðuð við.

Þann 2. september 1969 barst F. B. bréf frá Vinnuveitendasambandi Íslands, dags. 29. ágúst 1969, þar sem skorað var á nefndina að semja ekki við Einar og Eypór, þar eð slíkt mundi skapa ófyrirsjáanlega erfiðleika og málarekstur milli Málarafélags Reykjavíkur og Málarameistarafélags Reykjavíkur. Segir í bréfinu, að komið hafi í ljós, að eitt tilboðanna, þ. e. tilboð Eypórs og Einars, sé frá málarasveinum, félagsmönnum í Málara-

félagi Reykjavíkur. Segir síðan í bréfinu, að í þessu sambandi vilji Vinnuveitendasambandið vekja athygli á 2. tl., 11. gr. í gildandi kaup- og kjarasamningi milli Málarafélags Reykjavíkur og Málarameistarafélags Reykjavíkur, dagsettum 16. júní 1969, sem hljóði svo. „Meðlimum M. F. R. er óheimilt að bjóða í málavinnu, enda sé þeim tryggður forgangsréttur til þeirrar vinnu.“ Bréfi þessu fylgdi sérstakt fylgiskjal, en í því kemur fram greinargerð samninganefnda M. M. F. R. og M. F. R., og segir þar m. a.: „11 grein tekur ekki gildi á sama hátt og aðrar greinar samningsins, heldur ber að líta á hana sem starfsgrundvöll fyrir stjórnir félaganna. Samningstímabilið frá 19. maí 1969 til 15. maí 1970 ber að líta á sem aðlögunartíma.

A-liður 2. málsg. um, að meðlimir M. F. R. megi ekki bjóða í verk, tekur þó strax gildi sem annað í samningnum.“

11. grein samnings þess, sem hér er vitnað til, hljóðar svo í heild sinni:

„A.1. Meðlimum M. F. R. er óheimilt að ganga inn á verksvið meðlima M. M. F. R. og að vinna hjá öðrum en fullgildum meðlimum þess, sé vinna fyrir hendi, samanber þó undanþágu B-liðs þessarar greinar.

2. Meðlimum M. F. R. er óheimilt að bjóða í málningarvinnu, enda sé þeim tryggður forgangsréttur til þeirrar vinnu.

3. Meðlimum M. M. F. R. er óheimilt að vinna að iðninni, nema þeir hafi minnst einn svein í vinnu.

4. Meðlimir M. M. F. R. eru skyldir til þess að láta meðlimi M. F. R., sem hjá þeim vinna, hafa forgangsrétt til allrar málavinnu á þeirra vegum, enda stndi viðkomandi aðilar ekki í óbættum sökum við M. F. R.

5. Eftir að Sveinn hefur unnið samfelld í eitt ár hjá sama meistara (1800 stundir), skal uppsagnarfrestur vera einn mánuður miðað við fyrsta dag hvers mánaðar, og skal það vera gagnkvæmt.

B. Ef málarameistarar utan Reykjavíkur taka að sér málningarvinnu á félagssvæði M. F. R., skal meðlimum M. F. R. heimilt að vinna hjá þeim. Enda vinni þeir á sama grundvelli og samningar milli M. F. R. og M. M. F. R. kveða á um.

Meðlimum M. F. R. er heimilt að vinna að sandspartli á sama grundvelli og múrarasveinar.

Að öðru leyti vísast í greinargerð.“

Grein þessi er óbreytt í samningum félaganna frá 25. júní 1970. Í þá samninga er tekin eftirfarandi athugasemd: „Samkomulag um

framkvæmd 11. gr. samnings 19. 5. 1969 milli Málarafélags Reykjavíkur og Málarameistarafélags Reykjavíkur.

Stjórnir samningsaðilja lýsa því yfir, að þær muni á samningstímabilinu vinna að því að fastar reglur verði settar um framkvæmd 11. gr. samningsins.“

Sem svar við þessu bréfi Vinnuveitendasambandsins skrifar Málarafélag Reykjavíkur F. B. bréf, dags. 4. september 1969. Segir í því bréfi:

„1. Einar S. Kristjánsson sagði sig úr félagi okkar 19. ágúst 1969, og er því ekki lengur meðlimur þess og stendur ekki í óbættum sökum við félagið.

2. Vegna tilmæla okkar hefur Eypór Guðmundsson fallizt á að draga sig til baka úr tilboði í málningarvinnu á vegum FB, merkt Eypór og Einar.“

Með bréfi 6. september 1969 lýsir svo Eypór Guðmundsson því yfir, að af félagslegum ástæðum dragi hann sig til baka frá tilboði sínu, dagsettu 18. ágúst, í málningarvinnu á vegum F. B. Jafnframt kveðst hann samþykkja, að Einar S. Kristjánsson verði áfram einn aðili að tilboði þessu.

Niðurstöður athugana tilboða og aðsend bréf voru lögð fram á fundi Framkvæmdanefndarinnar hinn 12. september 1969, og var málinu þá frestað.

Þann 17. september 1969 sækir Einar S. Kristjánsson um innngöngu í Málarameistarafélag Reykjavíkur. Með bréfi þess félags, dagsettu 18. september 1969, er frá því skýrt, að á stjórnarfundum miðvikudaginn 17. september 1969 hafi umsókn hans um innngöngu í félagið verið tekin fyrir og henni hafnað.

Þann 22. september 1969 skrifar Einar S. Kristjánsson Framkvæmdanefndinni bréf, og segir í því bréfi:

„Hér með staðfestist, að enda þótt útrunninn sé frestur til að standa við tilboð mitt um málningarvinnu á yðar vegum, dagsettu 18. ágúst 1969, þá mun ég standa áfram við tilboð mitt um óákveðinn tíma, eftir nánara samkomulagi.

Að gefnu tilefni vegna neitunar Málarameistarafélagsins um innngöngu í félagið, þá vil ég upplýsa, að ég hefi þegar tryggt mér nægilegan mannafla til að geta staðið við væntanlega samninga.

Hér með fylgja yfirlýsingar frá sveitarstjóra Seltjarnarneshrepps og Póst- og símamálastjórninni svo og bréf Sparisjóðs Alþýðu. Ennfremur fylgir ljósrit af meistarabréfi mínu, afrit af umsókn minni í Málarameistarafélag Reykjavíkur og svari þess félags.“

Tilvitnuð skjöl hafa verið lögð fram í málinu að undanteknu meistarabréfi stefnanda. Í bréfi Sparisjóðs Alþýðu kemur fram, að Sparisjóðurinn muni hlutast til um, að Einari verði veitt bankaábyrgð sú, sem hann þurfi að setja vegna verksins.

Með bréfi, dagsettu 25. september 1969, ritar Meistarasamband byggingamanna F. B. bréf, þar sem þeir lýsa því yfir, að Málara-meistarafélag Reykjavíkur njóti fyllsta stuðnings Meistarasambandsins og að það muni veita því alla aðstoð til að fá málið leyst á viðunandi hátt.

Þann 30. september er málið tekið upp að nýju hjá Framkvæmdanefndinni og þá samþykkt „að leita samninga við Einar S. Kristjánsson, málarameistara, um málun.“ Einn nefndarmannanna var því þó andvígur, að ákvörðunin væri tekin að svo stöddu, og vildi láta athuga betur stöðu meistarans til þess að veita verkinu forstöðu. Efni þessarar ályktunar var af hálfu nefndarinnar tilkynnt Einari munnlega af starfsmönnum nefndarinnar.

Af ýmsum sökum dróst það fram á vor 1970, að samningaviðræður nefndarinnar við Einar S. Kristjánssonar væru teknar upp. Fram hefur verið lögð fundargerð, dagsett 4. júlí 1970, þar sem mættir eru þeir Einar S. Kristjánsson, Eypór Guðmundsson, Ríkarður Steinbergsson, framkvæmdastjóri Framkvæmdanefndarinnar, og Björn Ólafsson verkfræðingur. Á þeim fundi, sem í yfirskrift er kallaður umræðufundur, er farið yfir verklýsingu og breytingar, sem á hafa orðið frá útboði. Á fundi hinn 10. júní 1970 eru sömu menn svo aftur mættir. Er þá yfirfarin fundargerð frá 4. júní 1970. Í þessari fundargerð er nánar fjallað um breytingar, sem orðið hafa frá útboði, og settar fram tölur. Fram hefur verið lagt uppkast frá Ríkharði Steinbergssyni, þar sem fjallað er um í fyrsta lagi hækkun á samningsupphæð og í öðru lagi lækkun á samningsupphæð. Virðist út úr því koma, að hækkun verðs hvers stigahúss nemi kr. 48.500.00. Þá hefur verið lagt fram skjal, sem stafar frá F. B., en á því stendur: „Málun, verk nr. 3—1000, samningsaðilar Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, Einar og Eypór.“ Skjal þetta ber með sér, að það er frá 1. júlí 1970, og mun vera lýsing á málun innanhúss. Engar tölur fylgja þó skjali þessu, og málun utanhúss er þar ekki upptalin. Þann 7. júlí 1970 fær Einar senda frá Breiðholti h/f, sem er aðalverktaki við þennan áfanga framkvæmdanna, deilitímaplan yfir Breiðholt III. Deilitímaplani þessu fylgdi bréf, þar sem stendur: „Hér með sendum vér yður deilitímaplan fyrir innivinni í fyrstu fjórum stigahúsunum (Þórufell 20—14). Ef þér hafið eitthvað við áætl-

unina að athuga, þá eruð þér beðnir um að hafa samband við undirritaðan nú þegar.

Framvegis verða byggingarfundir á vinnustað með undirverktökum á hverjum miðvikudegi kl. 10.00, og er ætlað til, að þeir verktakar, sem eru á staðnum, mæti stundvíslega á hverjum fundi, einnig er heppilegast að bera fram fyrirspurnir og athugasemdir á þessum fundum. Nauðsynlegt er, að allir verktakar láti menn sína hafa afrit af þeim hluta tímaplansins, sem þeim við kemur, og stilla þá inn á að halda því.“

Undir þetta bréf ritar Ólafur Gíslason verkfræðingur fyrir hönd Breiðholts h/f.

Einar mætir síðan á boðuðum fundi með undirverktökum Breiðholts h/f. Björn Ólafsson, verkfræðingur F. B., kallar hann þar til sín og biður hann að sitja ekki þann fund. Varð ekki af fundarsetu Einars. Þann 21. júlí 1970 er haldinn fundur í F. B., og er þar fjallað um samninga í málun. Skýrir Ríkharður Steinbergsson þá frá hugmyndum tæknimanna um breytingar á verk lýsingu. Nefndarmenn samþykkja þær breytingar. Þann 22. júlí 1970 gefa nokkrir sveinar í málaraiðn, félagar í Málarafélagi Reykjavíkur, vottorð um það, að þeir geti starfað hjá Einari S. Kristjánssyni við verkefni það, sem hann hafi fengið samkvæmt útboði Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar. Á fundi F. B. hinn 24. júlí 1970 skýrir formaður frá viðræðum sínum og framkvæmdastjóra við formann Málarameistarafélags Reykjavíkur og Málarafélags Reykjavíkur og Einar S. Kristjánsson málara. Samþykkir nefndin á fundinum, að „vegna mikilla breytinga á verk lýsingu og öryggisleysis um framkvæmd verksins“ að bjóða málun III. áfanga út að nýju.

Með bréfi 14. ágúst 1970 sendir Einar S. Kristjánsson tilboð í verk nr. 3—1000, málun í Þórufelli 2—20, Yrsufelli 1—3 og 5—15, samkvæmt útboðsgögnum, dagsettum í júlí 1970. Í bréfinu segir svo: „Þrátt fyrir þetta tilboð mitt bendi ég á, að ég tel núverandi útboð á verki þessu brot á samningnum við mig um þetta sama verk, að meginefni til, samkvæmt útboðsgögnum í júní 1969, sjá tilboð mitt, dagsett 18. ágúst 1969, svo og breytingum á því útboði. Áskil ég mér allan bótarétt af því tilefni gegn nefndinni og þeim, sem bera fjárhagslega ábyrgð á störfum hennar.“

Tilboð í verk þetta voru svo opnuð 17. ágúst 1970, og bárust þá átta tilboð í verkið, og voru Málaraverktakar s/f með lægsta boðið. Þann 18. ágúst 1970 samþykkti nefndin að semja við lægstbjóðanda. Var gengið frá samningum við hann 20. ágúst 1970.

## III.

Komið hefur fyrir dóm stefnandi máls þessa, Einar Sigmundur Kristjánsson. Hann sagði, að sér hefði verið kunnugt um það, áður en hann gerði tilboðið, að í samningum á milli málarameistara og málarasveina væri ákvæði um, að sveinar mættu ekki bjóða í verk. Hann sagði, að þess vegna hefði hann gengið úr Málarafélagi Reykjavíkur. Hann sagði, að hann hefði ekki talið sig þurfa að vera í Málarameistarafélagi Reykjavíkur. Hann kvaðst hafa sent umsókn sína um inngöngu í það félag, eftir að tilboðin voru opnuð, að ábendingu Eyjólfss K. Sigurjónssonar, formanns stefnda.

Hann var að því spurður, af hvaða tilefni bréf hans frá 22. september 1969 hafi verið ritað, en þar lýsir hann því yfir, að hann standi áfram við tilboð sitt um óákveðinn tíma. Hann sagði, að fresturinn hefði verið að renna út og einnig hefði hann vitað um bréf, sem F. B. hafði borizt frá Meistarasambandinu. Hann kvað það ekki hafa verið af sérstöku tilefni frá F. B., sem þetta bréf var ritað. Hann sagði, að áður en bréf þetta var ritað, hefði hann átt viðræður við Ríkharð Steinbergsson á skrifstofu F. B. Eyþór Guðmundsson hafi stundum verið með honum. Þeir hefðu farið á skrifstofuna til þess að reka á eftir samningaviðræðum. Það hefði komið fram strax, eftir að tilboðin voru opnuð hjá F. B., að þeirra tilboð væri hagstæðast og nálægt þeirri áætlun, sem F. B. hefði gert. Hann kvaðst ekki hafa vitað, að breytingar yrðu á verkinu, þá er hann skrifaði bréfið frá 22. september 1969. Það hefði komið fram hjá Ríkharði Steinbergssyni veturinn 1969—1970, hvenær muni hann ekki, að breytingar yrðu á verkinu.

Hann sagði, að Ríkharður Steinbergsson hefði tilkynnt sér ályktun F. B. frá 30. september 1969 á skrifstofu F. B. Hafi hann sagt sér, að samningaviðræður yrðu teknar upp fyrir 1. nóvember 1969. Hann kveðst ekki muna, hvernig orð féllu á milli þeirra. Eftir 1. nóvember hafi það komið fram hjá Ríkharði, að alla vega yrði samið fyrir áramót, en þegar áramót voru liðin, hafi honum verið sagt, að samningaviðræður mundu dragast, þar sem ekki væri enn búíð að semja við aðra verktaka, sem kæmu á undan honum í röðinni. Hann sagði, að sér hefðu verið tilkynntar viðræðurnar vorið 1970 á skrifstofu Ríkharðs Steinbergssonar, en hann muni hafa verið staddur þar til að reka á eftir samningaviðræðum. Hann kvaðst hafa talið sig bundinn af tilboðinu allan tímann, þó með þeim breytingum, sem tilboðsgögn gerðu ráð fyrir.

Honum voru sýndar fundargerðir umræðufunda frá 4. og 10. júní 1970, og sagði hann það rétt, sem þar kæmi fram. Hann sagði,

að það hefði komið fram á viðræðufundunum, að verðhækkanir færu yfir milljón. Hann sagði, að skjal það, sem ber með sér, að hækkun á stigahús verði kr. 48.500.00, hafi Ríkharður Steinbergsson skrifað niður fyrir þá eftir fundina og sagt, að hann mundi leggja þessar tölur fyrir F. B. Hann sagði, að þarna kæmu fram niðurstöður hækkana á verkinu vegna breytinga á því. Eftir hafi þá verið að semja um hækkanir á verkinu vegna breytts verðs, vinnu og efnis.

Hann sagði, að það hefði verið að beiðni Ríkharðs og Eyjólfss, að hann fékk yfirlýsinguna frá málurum um, að þeir gætu starfað hjá honum að þessu verkefni.

Honum var sýnt skjal það, sem á stendur „Málun, verk nr. 3—1000, samningsaðilar Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, Einar og Eyþór.“ Hann sagði, að verklýsing þessi hefði verið niðurstaða samningafundanna milli hans og F. B., og hann taldi, að báðir aðiljar hefðu samþykkt þessa verklýsingu. Hann kvaðst ekki vita, hvort þessi verklýsing hefði verið samþykkt formlega hjá F. B. Hann sagði, að hann sæi ekki allar þær sömu breytingar á þessu skjali, eins og á skjali því, sem Ríkharður Steinbergsson skrifaði upp eftir umræðufundina við hann og Eyþór. Kvaðst hann ekki sjá þær breytingar, sem þeir Eyþór stungu upp á. Þá kvaðst hann hafa haft atvinnu frá miðju ári 1970 til miðs árs 1971.

Komið hefur fyrir dóminn Ríkharður Steinbergsson, framkvæmdastjóri Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar.

Hann sagði, að haustið 1969 hefðu yfir 20 verk verið boðin út samtímis á vegum F. B. Þeir hefðu fyrst tekið afstöðu til tilboða í aðalverk og síðan tilboða undirverktaka. Hann sagði, að innan fjögurra vikna hefðu þeir verið búnir að skrifa flestum bjóðendum og í bréfunum sagt, við hverja samið yrði og hverjum hafnað. Til þeirra, er boðið höfðu í málun, hefði ekkert bréf verið ritað. Hann kvaðst ekki þora að fullyrða, hvort svo hefði verið um fleiri verk. Hann sagði þá stefnanda og Eyþór Guðmundsson hafa öðru hverju verið að koma á skrifstofu Framkvæmdanefndarinnar og spyrjast fyrir um tilboð sitt. Þeir muni þannig hafa vitað, að til stæði að taka ákvörðun um tilboðin í málun á fundinum 30. september 1969. Hann sagði, að Einari hefði verið tilkynnt samþykkt F. B. þann 30. september 1969 munnlega. Ekkert meira hefði komið fram í þeirri tilkynningu en standi í samþykktinni. Hann kvað það hafa dregizt lengur en þeir ætluðu, að samningaviðræður yrðu hafnar við Einar. Hafi það stafað af því, að tilboðið í aðalverkið hafi verið svokallað breytingatilboð, og hafi

því verið tekið. Af þessum sökum hafi þurft að gera breytingar, t. d. á hitalagnarteikningum.

Hann sagði, að Einar hefði svo um veturinn verið að spyrjast fyrir um, hvað málum þessum liði. Hann sagði það hafa legið ljóst fyrir strax um haustið 1969, þegar búið var að taka breytingartilboðinu í aðalverkið, að breytingar yrðu á verki Einars.

Hann kvað ekki hafa verið leitað nýrra tilboða í annað verk en málunina.

Hann sagði, að hann skildi samþykkt Framkvæmdanefndarinnar frá 30. september 1969 þannig, að honum og starfsmönnum Framkvæmdanefndarinnar væri með henni falið að leita samninga við Einar S. Kristjánsson um málun, en auðvitað hefði þurft að leggja þá samninga fyrir Framkvæmdanefndina. Ríkharði voru sýndar fundargerðir umræðufunda frá 4. júní 1970 og 10. júní 1970. Hann sagði tölur þær, sem fram koma í fundargerð fundarins 10. júní 1970, vera fengnar úr verðskrá Málarameistarafélagsins og væru þannig til komnar, að fundarmenn hefðu eftir verðskránni gert sér grein fyrir, hvernig tilboð Einars yrði að breytast með tilliti til breytinga á verkinu. Hann sagði, að enginn ágreiningur hefði verið um þessar tölur, og taldi hann, að á þeim mundu hafa verið byggt, ef viðræður hefðu haldið áfram. Honum var sýnt það skjal, sem ber með sér tölur um hækkun og lækkun á samningsupphæð, og sagði hann það skjal ábyggilega vera niðurstöðu viðræðna við stefnanda. Hann kvaðst álíta þetta skjal samið á eftir skjalinu, sem ber áritunina „Málun, verk nr. 3—1000, samningsaðilar Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, Einar og Eypór.“ Hann sagði verklýsingu þá, sem kæmi fram í endanlega útboðinu, vera aðra en þá, sem kæmi fram í þessum dómsskjölum.

Honum var sýnd yfirlýsing nokkurra málara um, að þeir gætu unnið hjá stefnanda. Hann kvaðst álíta, að yfirlýsingin væri fengin að gefnu tilefni frá Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar.

Eypór Jósef Guðmundsson málari hefur komið fyrir dóminn. Hann kannaðist við að hafa ásamt Einari S. Kristjánssyni boðið í verk það, sem um er deilt í málinu. Hann sagði, að tilefni bréfs þess, þar sem hann segir sig frá verkinu, hafa verið það, að hann hafi viljað forðast, að félag sitt, þ. e. Málarafélag Reykjavíkur, og Einar lentu í erfiðleikum sín vegna, en í samningum Málarafélags Reykjavíkur og vinnuveitenda sé ákvæði þess efnis, að sveinar megi ekki bjóða í verk. Hann hefði vitað um þetta ákvæði

samninga sveina og meistara, þá er tilboðið var gert, en hefði ekki ætlað að fara eftir því.

Hann sagði, að haustið 1969 hefðu hann og Einar rætt við Eyjólf K. Sigurjónssonar. Hann hafi verið þeim mjög hliðhollur og hafi hann hvatt Einar til þess að sækja um inngöngu í Málarameistarafélagið. Eyjólfur hefði talað við þá eins og þeir mundu fá verkið. Það hefði komið fram hjá fyrirsvarsmönnum Framkvæmdanefndarinnar þá um haustið, að Einar ætti að láta dæma sig inn í Málarameistarafélagið. Honum var sýnt vottorð nokkurra málarasveina, þar sem þeir kveðast geta unnið hjá Einari S. Kristjánssyni við umdeilt verk. Hann sagði þá Einar hafa fengið mennina til þess að skrifa undir skjalið og kvaðst sjálfur vera þar efstur á blaði. Hann kvaðst geta fullyrt, að þeir mundu hafa unnið að verkinu þrátt fyrir mótmæli Meistarafélagsins. Hann sagði, að Magnús Stephensen, formaður Málarafélags Reykjavíkur, hefði sagt, að hann sæi því ekkert til fyrirstöðu, að málara-sveinarnir ynnu við verkið.

Þá hefur komið fyrir dóminn Björn Ólafsson, en hann var yfirverkfræðingur hjá Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar á árunum 1966—1970.

Hann kvaðst hafa tekið þátt í að undirbúa útboðsgögn í málun fyrir III. áfanga F. B. Hann kvaðst fyrst hafa orðið var við Einar S. Kristjánsson í sambandi við útboðið á málun, skömmu eftir að tilboð voru opnuð. Hafi Einar komið til þess að spyrjast fyrir um það, hvenær afstaða yrði tekin til tilboðanna. Honum var kynnt ályktun F. B. frá 30. september 1969. Hann kvaðst kannast við hana og kvaðst álíta, að hann hefði verið á þessum fundi. Hann var að því spurður, hvað hann áleti felast í þessari samþykkt. Hann sagði, að venjuleg afgreiðsla hefði verið sú, annað hvort að gera samþykkt um að taka einu tilboði og hafna öðrum eða þá, eins og þarna, að leita samninga við einhvern ákveðinn. Hann sagði, að þegar um mörg tilboð væri að ræða, eins og þarna, hefðu þeir starfsmennirnir unnið við tilboðin, kynningu þeirra og samanburð og hvort einhverjir annmarkar væru á þeim. Hann kvaðst í þessu tilfelli hafa haft uppkast að bréfum sem svörum við tilboðum í málun og annað. Síðan hafi bréfin verið tekin fram, þegar nefndin afgreiddi tilboðin, þau dagsett og send út. Hann kvaðst hafa verið búinn að gera uppkast að bréfum vegna tilboða í málun, en þau bréf hafi aldrei verið send út, að minnsta kosti ekki til Einars. Hann sagði, að þetta mál hefði aldrei verið

lagt þannig fyrir nefndina til afgreiðslu. Uppköstin hefðu verið þess efnis, að tilboði Einars var tekið, en hinum hafnað.

Hann var spurður, hvaða ástæður hann álíti hafa valdið því, að málið hlaut þessa afgreiðslu hjá Framkvæmdanefndinni 30. september 1969. Hann staðfesti það, sem áður hefur verið frá greint um misskilning Málaraверktaka s/f á útboðinu. Þá sagði hann, að félagsleg aðstaða Einars hefði einhverju valdið um, hvaða afgreiðslu málið fékk. Þannig hefðu verið vissar efasemdir, bæði hjá nefndinni og starfsmönnum, um, að bjóðandinn gæti leyst þetta verkefni. Hefði þarna fleira en félagsleg afstaða hans haft áhrif. Eftir að tilboði Breiðholts h/f sem aðalverktaka hefði verið tekið, hefði orðið ljóst, að breyting yrði á málun og hefði það einnig kallað á samninga, en ekki samþykki tilboðs.

Hann staðfesti, að hann hefði verið á umræðufundunum 4. og 10. júní 1970. Honum var sýnt dskj., sem ber yfirskriftina: „Málun, verk nr. 3—1000, samningsaðilar Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, Einar og Eypór.“ Hann sagði, að þannig hefði verið gengið frá samningum við tilboðsgjafa. Þarna væri aðeins um það að ræða, að verklýsing væri sett undir titilblað af þannig samningi. Einingarverð og skilmálar væru venjulega fest við verklýsinguna.

Þá hefur komið fyrir dóminn Eyjólfur Kolbeins Sigurjónsson, formaður Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar. Hann var að því spurður, hvenær fundum hans og Einars S. Kristjánssonar hefði fyrst borið saman, eftir að útboðin voru opnuð. Hann kvaðst ekki minnast þess nákvæmlega, en taldi, að hann hefði rætt við Einar einu sinni eða tvisvar. Hann sagði, að tæknimenn væru látnir annast frakvæmdir. Hann kvað bréf Málarameistarafélagsins hafa virkað alveg öfugt á sig, hann hafi verið staðráðinn í að reyna að semja við Einar. En eftir viðtöl við stefnanda og formann Málarafélags Reykjavíkur, Magnús Stephensen, hafi hann verið sannfærður um, að Einar gæti ekki uppfyllt tilboð sitt. Hann sagði, að Einar hefði skilað lista með nöfnum þeirra, sem hann taldi, að væru reiðubúnir til þess að vinna hjá sér. Hann sagði, að eftir því sem lengra leið á samningaviðræður tæknimanna við Einar hafi þeir sagt sér, að berlega hefði komið í ljós, að hann væri ekki fær um að framkvæma verkið.

Hann sagði skýringuna á því, hvers vegna dróst að hefja samningaviðræður við Einar, vera þá, að þar sem fjórar vikur hefðu verið liðnar frá opnun tilboða, áður en samþykktin var gerð 30. september 1969, hafi þeir ekki talið sig bundna við neitt tilboð.

anna. Honum var kynnt það, sem segir í fundargerðum nefndarinnar 21. júlí 1970 og 24. júlí 1970. Hann sagði, að á fundinum 21. júlí 1970 hefði aðeins verið rætt um, hvernig framkvæma ætti verkið, en ekki af hverjum. Á þessum fundum hefði ekki legið fyrir samningsuppkast til Einars. Hann hefði aldrei séð það.

Magnús Hannesson Stephensen, formaður Málarafélags Reykjavíkur, hefur komið fyrir dóminn. Hann sagði, að eftir að þeir skrifuðu bréfið frá 4. september 1969, hefðu þeir ekki frekar heyrt frá Málarameistarafélagi Reykjavíkur varðandi þetta mál.

Honum var kynnt vottorð nokkurra málara um það, að þeir gætu unnið hjá Einari S. Kristjánssyni. Hann sagði, að á þeim tíma, sem sú yfirlýsing var gefin, hafi að hans áliti ekkert verið því til fyrirstöðu, að vottorðsgjafarnir ynnu hjá Einari, að því er snertir Málarafélag Reykjavíkur. Sumarið 1970 kvaðst hann eitt sinn hafa verið kallaður á fund Eyjólf K. Sigurjónssonar til þess að ræða þessi mál. Á þeim fundi hafi hann gefið þá yfirlýsingu, að félagsmenn Málarafélags Reykjavíkur mundu vinna hjá hverjum þeim aðilja, sem verkið fengi, og þar á meðal Einari S. Kristjánssyni. Það hefði borizt í tal á milli þeirra Eyjólf K., hver mundi verða afstaða Málarameistarafélags Reykjavíkur til tilboðs Einars, og hafi Eyjólfur spurt, til hvaða ráðstafana væri hægt að grípa, ef málarameistarar settu sig upp á móti því, að Einar fengi verkið. Hann kvaðst ekki hafa getað svarað því, hver mundi verða afstaða málarameistaranna.

Honum var sýndur 2. tl. A. í 11. gr. samninga M. M. F. R. og M. F. R. Hann kvaðst í samningum hafa viljað túlka þessa grein svo, að meistararar mættu aðeins vinna að þessum verkum sem verkstjórar. Þá var honum kynntur 1. liður 1. A. í 11. grein samninganna. Hann sagði, að ákvæði 11. gr. hefði ætíð verið deilumál á milli félaganna og að sínu viti hefði þetta ákvæði ekki sama gildi og aðrar greinar samningsins og vitnar í því sambandi til athugasemda á bls. 22 í samningunum. Hann sagði, að það hefði ætíð verið tilgangur Málarafélags Reykjavíkur með þessum samningum að tryggja félagsmönnum forgangsrétt að vinnu á Reykjavíkursvæðinu, en Málarameistarafélagið hefði aldrei getað tryggt þeim það, þar sem fleiri aðiljar hafi ráðið í vinnu á svæðinu.

#### IV.

A. a) Málsástæður stefnanda eru þær, að það hafi komizt á fullgildur samningur milli stefnanda og Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar um, að stefnandi málaði 180 íbúðir í III. áfanga

Breiðholtsframkvæmdanna í Reykjavík, sem nefndin bauð út haustið 1969.

Stefnandi heldur því fram, að Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hafi komið þann veg fram við Einar S. Kristjánsson, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að treysta því, að nefndin hafi samþykkt tilboð hans.

Athöfnum og athafnaleysi Framkvæmdanefndarinnar raðar stefnandi upp þannig:

1. F. B. setur sig sérstaklega í samband við Einar á fjögurra vikna fresti þeim, sem settur var til að taka eða hafna tilboðum, og biður um gögn varðandi félagslega stöðu hans. Þetta hafi orsakað það, að hann framlengi tilboð sitt.

2. F. B. tekur ákvörðun um að leita samninga við Einar 30. september 1969, og honum er tjáð það munnlega.

3. Hann spyr, hvenær eigi að hefja verkið og ganga frá verk-samningum. Honum er svarað því, að því sé slegið á frest, án þess að það sé gefið til kynna, að nefndin vilji ekki vera bundin gagnvart honum.

4. Átta mánuðir líða frá 30. september 1969 til júní 1970, án þess að F. B. tilkynni nokkru sinni, að nefndin vilji ekki vera bundin, enda þótt Einar spyrjist öðru hverju fyrir um það, hvenær ganga skuli frá framkvæmdaatriðum samningsins og hefja verkið.

5. Framkvæmdastjóri F. B. boðar Einar í byrjun júní 1970 á fundi til þess að ganga frá framkvæmdaatriðum samningsins, þ. e. á fundina 4. og 10. júlí 1970.

6. Framkvæmdastjóri F. B. segir Einari, að hann megi fara að semja um efniskaup og ráða menn til verksins.

7. Framkvæmdastjóri F. B. ritar sem niðurstöðu fundanna í júní verðhækkanir og samningsupphæð og fær Einari.

8. F. B. gengur frá nýrri verklýsingu og sendir Einari, þar sem F. B. kallar Einar samningsaðilja í byrjun júlí 1970. Þetta jafngildi nýju tilboði frá F. B.

9. F. B. sendir annað hvort Breiðholti h/f afrit af þessum plöggum eða tilkynnir því á annan hátt um samninga við Einar, svo að forráðamenn Breiðholts h/f halda, að samið hafi verið við Einar um verkið, og boða hann á fund sem undirverktaka.

10. F. B. lætur vélrita bréf til Einars, þar sem tilboði hans er tekið, að því er Einar hefur eftir Birni Ólafssyni, verkfræðingi F. B.

Á það er bent af hálfu stefnanda, að engin ástæða hafi verið til

Þess fyrir F. B. að bjóða verkið út aftur vegna breytinga, þar sem í íslenskum staðli séu ákvæði, sem heimili verkkaupa að krefjast breytinga á verki frá uppdráttum og verklýsingum, nema um annað sé samið.

b) Af hálfu stefnanda er enn fremur á það bent, að samkvæmt reglugerð nr. 78/1967, sbr. heimild í 1. gr. laga nr. 97/1965, þá hafi nefndin það hlutverk að ráðstafa almannafé til ákveðinna þjóðfélagslegra þarfa. Hún sé því opinbert stjórnvald og ákvarðanir hennar varði marga, t. d. samþykkt tilboða í verk, borgarana beinlínis. Samkvæmt greindu heimildarákvæði í lögum nr. 97/1965 sé eitt meginmarkmið nefndarinnar að tryggja, að smíðaðar íbúðir verði ódýrar. Af þessum ástæðum beri að gera sérstaklega strangar kröfur til þess, að nefndin ráðstafi því almannafé, sem hún hefur handa í milli, í samræmi við það meginmarkmið sitt að fá sem ódýrust verk. Um nefndina gildi allar almennar reglur stjórnarsýsluréttar og allar ákvarðanir hennar lúti þeim reglum, ákvarðanir um samninga við verktaka sem annað.

Með útboðsgögnum í júní 1969 hafi Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar óskað eftir tilboðum í málun utan húss og innan í þremur fjölbýlishúsum með 180 íbúðum í Breiðholti III í Reykjavík. Í 8. gr. útboðslýsingarinnar segir, að verkkaupa sé heimilt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum og að bjóðandi sé bundinn af tilboði sínu í fjórar vikur frá opunardegi. Því er haldið fram, að ákvæði þetta sé í alla staði eðlilegt, þar sem ekki sé fyrirfram vitað, hvort nokkurt vit verði í tilboðum þeim, sem gerð verði. Hins vegar megi það vera ljóst, að útbjóðandi verks sé ekki þeginn undan öllum skyldum við tilboðsgjafa. Það kosti iðulega tugi þúsunda að gera tilboð í stór verk, þar sem tilboðsgjafinn þurfi að gera sér nákvæma grein fyrir, hvað muni kosta að framkvæma verk það, sem lýst er í útboði. Það hvíli þess vegna sú skylda á öllum útbjóðendum verka að leggja til grundvallar vali sínu á tilboði einvörðungu þau sjónarmið, er liggja til grundvallar útbóðskerfinu, þ. e. að fá sem ódýrast og bezt unnið verk. Eðlilegt sé að velja tilboð, sem fari nærri eigin áætlun útbjóðanda. Ákvörðun nefndarinnar hinn 24. júlí 1970 um að slíta samningaviðræðum eða samningi við Einar S. Kristjánsson hafi verið tekin á ómálefnalegri ástæðu eða forsendu. Vitnað sé síðan til rökstuðnings nefndarinnar fyrir þessari ákvörðun sinni og sérstaklega vitnað til orðanna „og fyrst og fremst öryggi á framkvæmd verksins í heild, ákvað nefndin.“ Stefndandi heldur því fram, að þarna viðurkenni nefndin berum orðum, að

hún hafi talið úrslitaröksemdina fyrir því að bjóða verkið út að nýju, að hótanir og þvingunartilraunir Málarameistarafélags Reykjavíkur, Vinnuveitendasambands Íslands og Meistarasambands byggingamanna mundu ef til vill ganga svo langt, að önnur verk við Breiðholtsframkvæmdirnar yrðu stöðvuð með verkabanni eða lögbanni, ef hún léti stefnanda vinna verkið. Það sé ekki leitt í ljós, að þessar hótanir og þvingunartilraunir hafi á neinn hátt haft löglegan grundvöll. Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hafi því ekki verið heimilt að leggja þessa hættu til grundvallar sem ástæðu fyrir því að rjúfa samninginn við Einar og bjóða verkið út á nýjan leik.

Þau sjónarmið, sem Framkvæmdanefndinni hafi borið að leggja til grundvallar ákvörðun sinni, hafi öðrum fremur verið geta verktaka til að framkvæma verkið og hagkvæmni tilboðs hans. Þessum skilyrðum hafi stefnandi fullnægt samkvæmt dómi nefndarinnar sjálfrar, sbr. ákvörðun hennar 30. september 1969.

Stefnandi heldur því fram, að nefndin hafi aðeins látið mála-myndakönnun fara fram á málinu, áður en hún tók ákvörðun um að taka verkið af honum. Þá hafi nefndin ekki gefið honum kost á að tala máli sínu, áður en hún tók ákvörðun um að taka verkið af honum.

Einnig heldur stefnandi því fram, að nefndinni hafi verið ólögmeitt að afturkalla ákvörðun sína frá 30. september 1969, þar sem hún hafi verið bindandi gagnvart stefnanda. Þessi afturköllun stjórnarinnar hafi líka verið ógild, þar sem hún hafi orðið til fyrir nauðung frá Málarameistarafélagi Reykjavíkur, Vinnuveitendasambandinu og Meistarasambandinu.

Þá heldur stefnandi því fram, að Framkvæmdanefndin hafi með ákvörðun sinni um að bjóða verkið út aftur rofið þá meginreglu stjórnsýslu, að borgararnir eigi rétt á sams konar meðferð mála sinna hjá yfirvöldum. Á þann hátt, sem nefndin hafi stefnt að því að forðast áhættu fyrir Breiðholtsframkvæmdirnar af völdum átaka milli hagsmunasamtaka eða við hagsmunasamtök, hafi hún um leið mismunað þeim verktökum, sem Málarameistarafélag Reykjavíkur studdi, á kostnað Einars. S. Kristjánssonar, sem félagið haldi utan vébanda sinna á örökstuddan og óréttmætan hátt. Slík mismunun á milli verktaka án tillits til framkvæmdagetu þeirra og hagkvæmni tilboða sé misnokun valds, sem opinber stjórnvöld geti ekki leyft sér.

Skaðabótakröfu sína, sem endanlega nam kr. 924.235.59, miðar

stefnandi við 1. júlí 1969, enda sé tilboðið miðað við þann dag.

c) Stefnandi reiknar upphæð þessa þannig út:

„A. Þær 180 íbúðir, sem um er að ræða, skiptast í 108 þriggja herbergja íbúðir og 72 tveggja herbergja íbúðir. Veggir og loft í hverri þriggja herbergja íbúð eru 235.06 fermetrar. 18.8 mínútur reiknast sá tími, sem fer í að mála hvern fermetra. 4419.12 mínútur fara því í að mála hverja þriggja herbergja íbúð, eða m. ö. o. 73.7 klst. fara í að mála veggi og loft í slíkri íbúð. Lengd hvers hurðarkarms er alltaf reiknuð 5 metrar. 5 hurðir = 25 metrar. Lengd glugga og hurðarkarma er samtals 72.60 metrar. 42.1 mínúta reiknast í að mála hvern metra af körmum, eða samtals 3056.46 mínútur, eða m. ö. o. 50.9 klst.  $73.7 + 50.9 = 124.6$  klst. Útselt kaup er kr. 105.50 á klst., eða fyrir 124.6 klst. = kr. 13.145.30. Útselt kaup á 108 þriggja herbergja íbúðir er því kr. 1.419.692.40.

Það reiknast 25 lítrar af plastmálningu á veggi og loft í hverri umferð, eða 50 lítrar á tvær umferðir á kr. 100.00 lítrinn. Samtals kostar málning seld á hverja íbúð því kr. 5.000.00.

Þar við bætist málning á glugga og karma, sem áætlast kr. 1.200.00 á íbúð. Samtals kr. 6.200.00. 108 þriggja herbergja íbúðir kosta því í efni kr. 669.600.00. Efni og vinna nemur því samtals kr. 2.089.292.40 fyrir nefndar 108 þriggja herbergja íbúðir.

B. Útreikningur fyrir 72 tveggja herbergja íbúðir verður sem hér segir: Veggir og loft í íbúð reiknast 162.04 fermetrar. 18.8 mínútur á hvern fermetra, eða fyrir 162.04 fermetra reiknast 3046.35 mínútur, sem reiknast vera 50.8 klst. fyrir loft og veggi. Gluggar og karmar reiknast vera 57.60 metrar og áætlast eins og áður 42.1 mínúta á hvern metra, eða fyrir 57.60 metra alls 2424.96 mínútur, sem telst vera 40.4 klst. Vinnustundir því alls 91.2 klst. Útselt kaup er kr. 105.50/klst. Útseld vinna á tveggja herbergja íbúð er því  $105.50 \times 91.2 =$  kr. 9.621.60. Útseld vinna fyrir 72 íbúðir er því kr. 692.755.20.

Það áætlast 34 lítrar af plastmálningu á loft og veggi hvorrar tveggja herbergja íbúðar á kr. 100.00, eða samtals 3.400.00. Kr. 800.00 áætlast í efni á glugga og karma. Efni samtals á íbúð kr. 4.200.00. Efni á 72 íbúðir nemur því kr. 302.400.00.

Efni og vinna á 72 tveggja herbergja íbúðir reiknast samtals kr. 995.155.20.

C. Fermetrafjöldi hvers stigagangs telst vera 203.16 fermetrar. 18.8 mínútur á hvern fermetra, eða samtals fyrir stigagang 3819.4 mínútur, sem reiknast vera 63.6 klst. Útseld vinna á kr.

105.50/klst., eða samtals fyrir hvern stigagang kr. 6.709.80. Þar við bætist ómælanleg vinna við lista og þakglugga og stigakjálka ásamt efni, sem áætlast kr. 4.500.00 á stigagang. Samtals telst því útseld vinna á stigagang vera kr. 11.209.80.

Tvær umferðir af plastmálningu á kr. 100.00 lítrinn áætlast taka 44 lítra, þ. e. málning kostar alls kr. 4.400.00 á stigagang.

Vinna og efni kostar því samtals kr. 15.609.80 fyrir hvern stigagang. Vinna og efni fyrir 18 stigaganga kosta því kr. 280.976.40.

D. 18 kjallarar. Veggir og loft í anddyrum og þvottahúsi í kjallara teljast vera 182.23 fermetrar. 26.6 mínútur teljast fara í að mála hvern fermetra.  $26.6 \times 182.23 = 4847.32$  mínútur á kjallara, eða m. ö. o. 80.7 klst. á kjallara, loft og vegg.

Lengd glugga og karma reiknast vera 65.70 metrar. 42.1 mínúta áætlast á metra, eða fyrir glugga og karma í kjallara alls 2.765.97 mínútur, eða 46.1 klst.

Gólf í þvottahúsi telst vera 12.24 fermetrar. 34.2 mínútur áætlast til að mála hvern fermetra, eða fyrir allt gólfíð 418.6 mínútur, eða ca. 7 klst.

Gólf í geymslum telst vera samtals í öllum geymslum 64.76 fermetrar. 16.8 mínútur reiknast á hvern fermetra eða alls 1087.96 mínútur, eða 18.1 klst.

Loft og veggir í geymslum, 215.50 veggir og 64.76 loft, eða samtals 280.26 fermetrar. 17.8 mínútur reiknast á fermetra, eða samtals 4.988.62 mínútur, eða m. ö. o. 83.1 klst.

Vinnustundafjöldi á kjallara er því samtals 235.1 klst. Útseld vinna á kr. 105.50 klst. Verð útseldrar vinnu er því samtals kr. 24.803.05 á hvern kjallara. Verð vinnu í 18 kjöllum er því kr. 446.454.90.

Loft og veggir í anddyrum og þvottahúsi teljast taka 65 lítra af plast- og olíumálningu í þrjár umferðir. Verð á lítra kr. 100.00. Samtals kr. 6.500.00.

Gluggar og karmar teljast kosta í efni kr. 500.00.

Gólf í þvottahúsi fær þrjár umferðir af epoxy-lakki. 4ra lítra dós telst nægja í 3 umferðir. Dósin kostar kr. 1.000.00.

Gólf í geymslum telst taka 13 lítra í tvær umferðir af olíumálningu á kr. 100.00 lítrinn, eða samtals kr. 1.300.00.

Loft og veggir í geymslum áætlast taka 58 lítra í tveimur umferðum af plastmálningu á kr. 100.00 lítrinn, eða kr. 5.800.00.

Samtals telst samkvæmt þessu efnið á kjallara kosta kr. 15.100.00. Efni á 18 kjallar kostar því kr. 271.800.00.

*Vinna og efni kostar þá samtals kr. 718.254.90.*

*E. 18 stigahús að utan.* Veggir steyptir í stálmót, sem eru rifl-aðir og því í rauninni með helmingi stærri fleti en fermetratala þeirra gefur til kynna ein sér. Fermetratala þeirra 42.50 er því tvöfölduð, og kemur þá út 85 fermetrar. 25.2 mínútur áætlast til að mála hvern fermetra, eða alls 2142 mínútur á veggji steypa í stálmótum, þ. e. 35.7 klst.

Forsteyptir veggir teljast vera 290.40 fermetrar. 20 mínútur á fermetra, eða alls 5808 mínútur, þ. e. 96.8 klst.

Lengd glugga er 458.60 metrar með 12 mínútum á hvern metra. Samtals 5.503.20 mínútur, þ. e. 91.7 klst.

Vinnustundafjöldi í þessum þremur þáttum er 224.2 klst. á kr. 105.50 klst., eða samtals kr. 23.653.10 fyrir hvert stigahús. *Fyrir 18 stigahús kostar vinnan því kr. 425.755.80.*

Gaflar á stigahúsum eru alls 6 á öllum 18 stigahúsunum, steyptir í stálmót. Gaflinn er 130 fermetrar, eða samtals 780 fermetrar. Ofan á kemur 100% álag vegna riflunar. Fermetrafjöldi verður þá 1560 fermetrar fyrir allar blokkirnar. 25.2 mínútur á fermetra, eða samtals 39.312 mínútur, þ. e. 655.2 klst. til að mála alla gaflana. Vinna útseld á kr. 105.50 hver klst., eða samtals útseld vinna fyrir gafla á öllum stigahúsum kr. 69.123.60.

*Vinna samtals fyrir 18 stigahús, kr. 494.879.40, málun að utan.*

Efni á veggji í stálmót, 85 fermetrar, 3 umferðir, áætlast 30 lítrar af plastmálningu á kr. 100.00 lítrinn, þ. e. samtals kr. 3.000.00.

Forsteyptir veggir, 290.40 fermetrar, 2 umferðir, áætlast 70 lítrar á kr. 100.00 hver lítri, eða samtals kr. 7.000.00.

Áætlað verð á glugga og karma er kr. 976.00.

Efni samtals á stigahús verður því kr. 10.976.00. *Efni á 18 stigahús verður þá kr. 197.568.00, þegar göflum er sleppt.*

Efni á 6 gafla, sem eru 1560 fermetrar, er áætlað 450 lítrar af plastmálningu á kr. 100.00 lítrinn, eða samtals kr. 45.000.00.

*Efni á 18 stigahús verður því samtals kr. 242.568.00.*

35% álag er reiknað á vinnu, sem fer fram yfir 5 metra hæð. Stigahúsin eru um 10 metrar á hæð. Kemur því 35% álag á helming seldrar vinnu, þ. e. kr. 247.439.70, og mun það álag því nema kr. 86.603.89, sem bætist því við kr. 494.879.40. Samtals verður því útivinnan kr. 581.483.29.

Efni og vinna á 18 stigahús úti verður því kr. 824.051.29.

F. *Sundurlíðuð tilboðsfjárhæð:*

108 íbúðir	kr. 2.089.292.40
72 íbúðir	— 995.155.20
18 stigagangar	— 280.976.40
18 kjallarar	— 718.254.90
18 stigahús utan	— 824.051.29
Yfirkostnaður	— 312.269.81

---

 Kr. 5.220.000.00.
*Vinnustundir:*

108 íbúðir	13.456.80	<i>Efni:</i> (kr. 100.00 per lítri)
72 íbúðir	6.566.40	Kr. 669.600.00
18 stigagangar	1.620.00	— 302.400.00
18 kjallarar	4.231.80	— 106.200.00
18 stigahús, utan		— 271.800.00
		— 824.051.29

---

 Samtals 31.387.10

---

 Kr. 1.592.568.00

*Ath.:* Efni keypt frá verksmiðju. Munnlegt loforð frá Slippfélaginu í Reykjavík um kr. 65.00 pr. lítri af plastmálningu. Efni frá Slippfélaginu hefði því kostað kr. 1.035.169.20. Mismunur á keyptu og seldu efni er kr. 557.398.80.

*Ath.:* Varðandi vinnustundafjöldu stigahúsa utan er þess að geta, að bætt var 35% aukningu á helming vinnustunda vegna hæðar.

Tímakaup málarasveina er kr. 78.50 m/orl. í ágúst 1969.

Sveinakaup fyrir 31.387.10 klst. er því kr. 2.463.387.35.

Frá sveinakaupi þessu dregst 3% mælingagjald, sem sveinar greiða af kaupi sínu, þ. e. af kr. 2.463.887.35, og er mælingagjaldið því kr. 73.916.61. Sveinakaup að því frádregnu er kr. 2.389.970.74.

Vinna er seld út á meistarakaupi kr. 105.50 á klst. x vinnustundir, sem eru 31.387.10. Útselt meistarakaup er því alls kr. 3.311.328.85.

G. *Kostnaðarliðir eru þessir:*

Greitt fyrir efni	kr. 1.060.000.00
Greitt til sveina	— 2.389.970.74
6% mælingagjald af útseldri vinnu, kr. 3.311.328.85	— 198.679.73

Ferða- og fæðiskostnaður, 10% af sveinakaupi	kr.	238.997.04
Ýmis óviss annar kostnaður,		
5% af tilboðsfjárhæð	—	261.000.00
3% af samanlögðu, útseldu efni og vinnu vegna röra og ofna innanhúss og rennu- og niðurfalla utanhúss, kr. 4.903.896.85	—	147.116.90
		<hr/>
	Samtals kr.	4.295.764.41

#### H. Nettóágóði:

Tilboðsfjárhæð	kr.	5.220.000.00
Kostnaður frádreginn	—	4.295.764.41
		<hr/>

Samtals kr. 924.235.59“

Þá hefur stefnandi lagt fram yfirlit yfir kostnað sinn við gerð tilboðs og samningagerð.

B. a) Stefndi kveðst reisa aðalkröfu sína fyrst og fremst á þeim grundvelli, að í sambandi við útboð og samningaviðræður um málun 180 íbúða í Breiðholtshverfi hafi F. B. hvorki aðhafzt né látið undir höfðuð leggjast nokkuð það, er skapað geti nefndinni bótaskylda gagnvart stefnanda máls þessa. Í annan stað hafi stefnandi ekki leitt í ljós, að hann hafi beðið neitt fjárhagstjón af því að missa af verksamningi við nefndina, en öllum útreikningum hans af hagnaðarmissi af þessum sökum mótmælir stefndi sérstaklega.

Varakrafan er af hálfu stefnda byggð á því sjónarmiði, að skaðabótafjárhæðin sé fjarri öllu lagi, verði litið svo á, að bótaskylda og fjárhagstjón sé fyrir hendi.

Af hálfu stefnda er á þessi atriði bent. F. B. hafi enga afstöðu tekið til þeirrar aðildarbreytingar að tilboðinu, sem fráharf Eyþórs Guðmundssonar hafi haft í för með sér, en ljóst sé, að tilboðið hafði ekki sama gildi eftir þessa breytingu, enda hafi F. B. ekki borið skylda til að hlíta þeirri ákvörðun Eyþórs Guðmundssonar, að Einar S. Kristjánsson yrði einn aðili að tilboðinu í stað þeirra beggja, enda þótt Einar væri sjálfur reiðubúinn til þess.

Samkvæmt útboðslýsingunni, lið 8, hafi bjóðandinn verið bundinn af tilboði sínu í fjórar vikur frá opunardeggi. Þessi frestur hafi runnið út 20. september 1969, án þess að F. B. samþykkti nokkurt þeirra þriggja tilboða, er bárust í málunina. Þar með hafi réttarsambandi tilboðsgjafanna og F. B. í raun réttari verið slitið, því að

tilboðsgjöfunum hafi eigi borið lengur skylda til þess að standa við tilboð sín og F. B. ekki heldur getað eftir þennan tíma bundið tilboðsgjafa með samþykki á tilboði hans. Með bréfi stefnanda frá 22. september 1969 eigi stefnandi frumkvæði að því, að viðræðusambandinu sé haldið uppi á milli hans og F. B., löngu eftir að fjögurra vikna fresturinn hafi runnið út. Í ályktun nefndarinnar frá 30. september 1969 hafi að sjálfsögðu hvorki falizt loforð til stefnanda um það, að samningar mundu takast, né heldur samþykkt á tilboði hans. Félagslega stöðu Einars til að standa fyrir verkinu hafi F. B. að nokkru leyti kannað fyrir 30. september 1969. Þeirri könnun hafi þó alls ekki verið lokið. Könnun þessi hafi haldið áfram samhliða samningaviðræðum og hafi einkum verið fólgin í viðræðum við Einar út af andmælabréfum þeim, sem borizt höfðu, athugun á því, hvort hann gæti útvegað málarsveina til þess að vinna verkið og viðræðum formanns F. B. við formann Málaramestarafélags Reykjavíkur og Málarafélags Reykjavíkur.

Til frekari skýringa á ályktun F. B. frá 30. september 1969 var á það bent, að þá þegar hafi það legið ljóst fyrir, að allverulegar breytingar þyrfti að gera á verklýsingu þeirri, er notuð var við útboðið á máluninni sumarið 1969. Hafi þar ekki einungis komið til breytingar á útveggjum, heldur einnig ýmsar fleiri breytingar, sem nefndin hafi viljað gefa sér tóm til að athuga. Að vísu séu iðulega gerðir verksamningar með fyrirvörum um ófyrirsjáanlegar breytingar, en óeðlilegt sé að semja á slíkum grundvelli um breytingar, sem ákveðnar eru eða fyrirsjáanlegar, áður en verksamningur er gerður.

Viðræður við stefnanda hafi dregizt, þar sem skömmu eftir samþykktina 30. september 1969 hafi verið sýnt, að sú verkáætlun mundi ekki standast að hefja málningarvinnu við byggingarnar í aprílmánuði 1970, heldur mundi það dragast eitthvað fram á sumarið. Síðar hafi komið til verkföll vorið 1970, er orsakað hefðu frekari tafir. Um viðræðurnar í júní 1970 er það tekið fram, að þær hafi aldrei komizt svo langt, að á það hafi reynt, hvort samkomulag tækist um samningaverð í heild. Verklýsing sú, sem fyrir liggir í dómsskjalinu „Málun, verk nr. 3—1000, samningsaðilar Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, Einar og Eypór“, hafi ekki verið endanleg, enda hafi hún ekki verið notuð, þegar málunin hafi verið boðin út á ný í ágúst 1970.

Um boðun stefnanda á fund aðalverktakans er það tekið fram, að byggingarstjórinn hjá Breiðholti h/f, Ólafur Gíslason, hafi

ritað þetta bréf upp á sitt eindæmi, án þess að nokkur tilmæli kæmi um það frá F. B. eða starfsmönnum nefndarinnar.

Á það er bent af hálfu stefnda, að í viðræðum við Einar S. Kristjánsson hafi á það verið lögð rík áherzla af hálfu F. B., að hann sýndi fram á með gildum rökum, að hann ætti kost á nægum fjölda málarasveina til þess að vinna verkið. Það sé á hinn bóginn rangt hjá Einari, að tilefni yfirlýsingar málarasveinanna hafi verið það, að Ríkharður Steinbergsson, framkvæmdastjóri F. B., hafi sagt honum að ráða menn til verksins.

Þegar hér hafi verið komið sögu, hafi hlotið að draga til úrslita um það, hvort samið yrði við Einar S. Kristjánsson eða ekki. Á fundi nefndarinnar hinn 21. júlí 1970 hafi endanlega verið samþykktar þær breytingar, er gera þurfti á verklýsingunni. Á fundi nefndarinnar 24. júlí 1970 sé bókað, að formaður hafi skýrt frá viðræðum sínum við formenn Málarameistarafélags Reykjavíkur og Málarafélags og við stefnanda, síðan sé gerð eftirfarandi samþykkt: „Vegna mikilla breytinga á verklýsingu og öryggisleysis um framkvæmd verksins samþykkir nefndin að bjóða málun 3. áfanga út að nýju.“ Þessi samþykkt hafi verið á gildum rökum reist. Þegar breytingar frá upphaflegri verklýsingu höfðu endanlega verið samþykktar, hafi komið í ljós, að verkmagnið mundi aukast um 20%. Verkbreytingin hafi þó raunverulega verið enn meiri, því að ýmiss konar breytingar hefðu átt sér stað, sem ekki leiddu til aukningar á verkmagni.

Öryggisleysi um framkvæmd verksins hafi ekki verið fólgið í því einu, að hætta væri á aðgerðum af hálfu Meistarasambandsins og Meistarafélagsins í því skyni að stöðva byggingarframkvæmdir, ef samið yrði við stefnanda, sú hætta hafi eigi að síður verið fyrir hendi, að stefnandi gæti ekki, þrátt fyrir yfirlýsingu málarasveinanna, tryggt sér málarasveina til að vinna verkið, þar sem félagsmenn Meistarafélagsins hafi samkvæmt gildandi kaup- og kjarasamningi haft forgangsrétt að því að fá sveina úr Málarafélagi Reykjavíkur til vinnu. Þessar ástæður hafi vissulega verið nægar til þess að bjóða verkið út að nýju. Þess utan hafi verið fyrir hendi aðrar ástæður til útboðs að nýju, sem ekki hafi komið fram í samþykkt nefndarinnar. Þar sé átt við þá staðreynd, að í fyrra skiptið hafi verið lítil þátttaka í útboðinu, aðeins þrír aðiljar hafi boðið í verkið og tveir hafi misskilið útboðið. Ákvörðun um nýtt útboð hafi sannanlega verið í anda þeirra fyrirsmæla, sem F. B. eigi að starfa eftir, þ. e. að leysa hlutverk sitt af hendi með sem víðtækustum útboðum. Öll-

um hafi verið frjálst að taka þátt í hinu nýja útboði, þar á meðal stefnanda, enda hafi hann notfært sér þann rétt.

b) Þá er af hálfu stefnda dregnar mjög í efa kenningar lögmanns stefnanda um, að F. B. sé opinbert stjórnvald og hafi því ekki jafnmikið svigrúm og einkaaðili til þess að taka tilboðum og hafna. Hlutverk F. B. sé eingöngu að byggja íbúðir fyrir hið opinbera, en hún eigi ekki að úthluta þeim. Nefndin sé í rauninni samkeppnisaðili við einkaframtakið í byggingariðnaðinum og þær skyldur séu lagðar henni á herðar að reyna að ná betri árangri um verð og byggingarhraða en áður hafi tekizt. Hún eigi að inna starf sitt af hendi með sem viðtækustum útboðum. Það sé andstætt þessu hlutverki nefndarinnar að sníða henni þrengri stakk en einkaaðiljum til samninga um verk og viðskipti. Mergurinn málsins er þó sá, að hvort sem athafnaréttur F. B. í máli þessu sé skoðaður út frá sjónarmiðum opinbers réttar eða einkaréttar, þá séu þær lögmatar og nefndin hafi ekki misbeitt valdi sínu.

c) Um bótakröfu stefnanda tekur stefndi fram, að útreikningi stefnanda á henni sé eindregið mótmælt. Segir stefndi, að í fljótu bragði virðist þessi útreikningur ítarlegur og nákvæmur, en þegar málið sé skoðað betur, komi margar stórar misfellur í ljós. Stærsta villan felist í því, að lögmaður stefnanda reikni með, að mismunur útseldrar vinnu og sveinakaups sé að verulegu leyti hreinn ágóði verktakans. Þetta sé mesti misskilningur, enda gleymi lögmaðurinn mörgum kostnaðarliðum í þessu sambandi, svo sem launaskatti, iðgjöldum, veikinda- og helgidagakaupi sveina og síðast en ekki sízt þóknun til meistarans fyrir verkstjórn og ábyrgð. Þá er það enn tekið fram, að ýmislegt fleira sé athugavert við útreikninga stefnanda, og nokkur dæmi nefnd þar um. Þá bendir stefndi á, að það komi ekki fram, að stefnandi hafi haft ónóg verkefni sem málaramestari á þeim tíma, er Breiðholtsíbúðirnar voru málaðar. Að vísu megi gera ráð fyrir, að hann hafi borið einhvern kostnað vegna tilboðsgerðarinnar og eftirfarandi viðræðna, en þar sé um að tefla kostnað, sem sérhver tilboðsgjafi verði að rekna með og bera sjálfur.

## V.

Samkvæmt útboðsskilmálunum var stefnandi ekki bundinn við tilboð sitt lengur en fjórar vikur frá opnun tilboða 23. ágúst 1969. Þessi tími var útrunninn, þá er hann þann 22. september 1969 bauðst til að láta tilboð sitt standa áfram um óákveðinn tíma eftir nánara samkomulagi. Að sögn stefnanda sjálfs er þetta bréf

ritað án sérstaks tilefnis frá Framkvæmdanefndinni. Orðalag samþykkar stefnda frá 30. september 1969 þykir ekki verða öðru vísi skýrt en að um samningaumleitani sé að ræða, og ósannað er, að stefnanda hafi verið gefið annað í skyn. Verður þannig ekki á það fallt, að samningur hafi tekizt með aðiljum haustið 1969.

Viðræður eru svo teknar upp milli aðilja í júní 1970. Þegar það er skoðað, sem hér hefur verið sagt að ofan, og virt það, sem segir um þær viðræður í framburðum aðilja og vitna hér að framman, skoðaðar fundargerðir þeirra funda, sem þá voru haldnir, svo og blað það, sem Ríkharður Steinbergsson ritaði eftir þá fundi, og blað með yfirskriftinni „Málun 3—1000, samningsaðilar Einar og Eyþór“ verður ekki annað merkt en þar sé um samningaumleitani að ræða, og ósannað er, að stefnandi hafi mátt leggja annað og meira í þær viðræður.

Það þykir þannig ekki verða talið, að samningur hafi komizt á milli aðilja.

Verður þá vikið að þeim málsástæðum stefnanda, sem víkja að því, að ákvörðun stefnda um að slíta samningaviðræðum við hann hafi háð annmarkar, sem leiði til þess, að ákvörðunin hafi verið stefnda óheimil.

Til Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar er stofnað með lagafyrirmælum, og nefndin fer með ákveðið vald á vegum hins opinbera, verður þannig ekki á annað fallt en gagnvart borgurinum verði nefndin að koma fram sem stjórnvald.

Líta verður svo á, að samþykkt nefndarinnar frá 30. september 1969 um að leita samninga við stefnanda sé gerð á grundvelli bréfs stefnanda frá 22. september 1969. Bréf Vinnuveitendasambands Íslands, þar sem sambandið skorar á nefndina að líta á tilboð Eyþórs og Einars sem markleysu, lá þá fyrir. Eyþór hafði þá sagt sig frá tilboðinu. Stuðningsyfirlýsing Meistarasambands byggingamanna við Málameistarafélagið, sbr. bréf, dags. 25. september 1969, lá fyrir um líkt leyti.

Eftir að Eyþór Guðmundsson hafði sagt sig frá tilboðinu og stefnandi stóð einn að því, er ekki lengur um sveinatilboð að ræða, en samkvæmt bréfum Vinnuveitendasambands Íslands og Meistarasambands byggingamanna er það hið eina, sem greind sambönd finna að tilboði Eyþórs og Einars.

Samkvæmt greinargerð samninganefnda M. M. F. R. og M. F. R. um 11. gr. samnings félaganna virðist ekkert hafa verið því til fyrirstöðu, að sveinar ynnu hjá stefnanda samningstímabilið 19. maí

1969—15. maí 1970. Samkvæmt athugasemd við samningana frá 26. júní 1970, sem gilda áttu til 1. október 1971, átti á samningstímabilinu „að vinna að því, að fastar reglur verði settar um framkvæmd 11. gr. samningsins.“ Ákvæði þetta verður vart skilið öðru vísi en að ákvæðið hafi ekki átt að framkvæma þetta samningstímabil. Þannig sýnist stefnandi með yfirlýsingu sveinanna frá 22. júlí 1970 hafa tryggt sér menn til verksins, og verður ekki séð, að samningar stéttarfélaga hafi getað haft áhrif á það.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að stefnandi hafi verið óhæfur til að framkvæma verkið, þvert á móti hefur stefnandi lagt fram gögn, sem benda til hins gagnstæða.

Samkvæmt framburði Ríkharðs Steinbergssonar, framkvæmdastjóra stefnda, lá það ljóst fyrir, þegar er breytingartilboðinu í aðalverkið hafði verið tekið, þ. e. í október 1969, að breytingar yrðu á máluninni. Þetta varð þó ekki til þess, að stefnanda væri tilkynnt, að ekki yrði við hann samið um verkið, og er það ekki fyrir en í júlí 1970, að það er gert. Óánægja Málarameistarafélagsins og Meistarasambandsins er þannig það eina, sem stefndi hefur með rökum getað sýnt fram á, að ógnað hafi öryggi framkvæmdar verksins, enda er ákvörðunin um nýtt útboð samkvæmt fundargerð tekin í beinu framhaldi af skýrslu um viðræður við fyrirsvarsmenn málarameistara og málarasveina. Verður þannig að fallast á það með stefnanda, að óánægja meistaranna hafi verið ákvörðunarástæða F. B. Svo sem áður er rakið, höfðu félög meistarara ekki lengur ástæðu til óánægju, og þykir þannig nægilega fram komið, að stefndi hafi á þann hátt, sem stjórnvaldi hlýtur að vera fyrirumnað, mismunað félagsbundnum málarameisturum á kostnað stefnanda.

Þegar það er virt, að stefndi sleit samningaumleitunum við stefnanda, án þess að hann gæfi tilefni til þess, eftir að hafa gefið honum ástæðu til að ætla, að við hann yrði samið, og dregið samningaumleitanir við hann í svo langan tíma, sem raun ber vitni, og að samningsumleitunum er slitið á grundvelli forsendna, sem stefnda var óheimilt að bera fyrir sig, þykir hann vera bóta-skyldur gagnvart stefnanda.

Þegar virt er umfang verksins og tilboðsverð stefnanda með hæfilegum breytingum, þykja bætur til hans hæfilega metnar kr. 180.000.00. Vextir þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir, og þykir rétt að reikna þá frá 1. ágúst 1970.

Samkvæmt úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 30.000.00 í málskostnað.

Dómurinn er þeirrar skoðunar, að stefnandi hafi í málatilbúnaði sínum brotið gegn fyrirmælum 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936. Þykir þetta aðfinnsluvert.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Rögnvaldi Þorlákssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, greiði stefnanda, Einari S. Kristjánssyni, kr. 180.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1970 til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. nóvember 1973.

Nr. 169/1972: **Aron Guðbrandsson vegna Kauphallarinnar**  
(sjálfur)

gegn

**Hannesi h/f vegna Kauphallar Hannesar**  
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómentur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Firma.

**Dómur Hæstaréttar.**

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1972. Dómkröfur hans eru þær, að dæmt verði, að stefnda sé „óheimilt að nota nafnið eða heitið „Kauphöll“ í firmanafni sínu, er hann fékk skráð í firmaskrá Reykjavíkur 6. des. 1971“, og að stefnda verði dæmt skylt að viðlögðum 1.000 króna dagsektum til afrýjanda „að láta má